

Orkuveita Reykjavíkur
Ingólfur Hrólfsson
Bæjarhálsi 1
110 REYKJAVÍK

2006020067
8717; 9310

Reykjavík, 18. apríl 2006
/--

Efni: Rannsóknarboranir í Hverahlíð í Sveitarfélaginu Ölfusi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Orkuveitu Reykjavíkur dags. 23. febrúar 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt borun tveggja rannsóknarhola í Hverahlíð á Hellisheiði í Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og liði 2ci og 10c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfuss, Ferðamálastofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, iðnaðarráðuneytis, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi mótt. 20. mars 2006, Ferðamálastofu með bréfi dags. 7. apríl 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. mars 2006, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 4. apríl 2006, iðnaðarráðuneytinu með bréfi dags. 13. mars 2006, Orkustofnun með bréfi dags. 13. mars 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. mars 2006.

Frekari upplýsingar bárust frá Orkuveitu Reykjavíkur með bréfi dags. 30. mars 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar rannsóknarboranir í Hverahlíð séu liður í undirbúningi nýtingar jarðhita og leit að framtíðarvinnslusvæðum. Fyrirhuguð framkvæmd felist í gerð aðkomuleiða, borstæða, öflun kælivatns, borun og prófun rannsóknarhola, frágangi borhola og efnistöku. Gert sé ráð fyrir að núverandi vegslóði að holu 21 verði framlengdur að fyrirhuguðu borsvæði A og um verði að ræða 4 m breiðan veg og um 800 m langan og allt fyllingarefni verði flutt á staðinn en ekki rutt upp. Fram kemur að vegur sé að fyrirhuguðu borstæði B. Fram kemur að útbúin verði borstæði sem hvort um sig verði 4000 m² að flatarmáli og steypur verði 1,5 m djúpur kjallari utan um efstu fódringu holanna. Gert sé ráð fyrir að kælivatn verði fengið úr vatnsöflunarholum HK-28 og

HK-29 sem boraðar voru fyrir fyrri rannsóknaborun í Hverahlíð og þurfi að staðaldri um 30-40 l/s af kælivatni. Borvatnslögn verði lögð á yfirborði að borstæðum og verður fjarlægð að loknum borunum. Gert sé ráð fyrir að bora allt að 3000 m djúpar holur og tekur borun hverrar holu einn til tvo mánuði. Fram kemur að frárennsli frá borholu verði sigtað til að skilja frá grófasta borsvarfið sem fellur á borstæðið við hlið dælukars, finni sandurinn verði skilinn frá í sandskiljum. Borvatn sé síðan leitt í svarfpróna þar sem megnið af fíngerðara borsvarfi botnfalli en borvatni sem rennur frá svarfprónni verði beint í svelgholu eða borholu. Steypa sem notuð er við að steypa fódurrör verði blönduð á staðnum og sé gert ráð fyrir að þurfi um 130 tonn af þurrefni í hana. Að loknum borunum verði blástursbúnaði komið fyrir á rannsóknaholur og sé um að ræða hljóðdeyfi til að taka við gufu og vatni meðan holan blæs. Eins verði borstæðin lagfærð þannig að þau falli sem best að umhverfinu og sáð í sár þar sem það á við.

Fram kemur að fyrir hvort borstæði þurfi um 3000-5000 m³ af fyllingarefni og um 4000 m³ þurfi fyrir veg að borstæði A. Heildarefnispörf verði því um 10.000-14.000 m³ og verða ekki opnaðar nýjar námur vegna þessa.

Fram kemur að leiði fyrirhugaðar rannsóknarboranir í ljós að um vænlegt vinnslusvæði sé að ræða sé mögulegt að nýta svæðið með því að reisa þar jarðgufuvirkjun og tengja borholurnar við hana.

Áhrif á gróður og dýralíf. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að búist sé við litlum áhrifum á gróður. Um sé að ræða graslendi og mosagróið hraun sem skerðist sem nemur því svæði sem fer undir nýja vegi og borstæði.

Fram kemur að 5-6 tegundir algengra fugla virðast verpa við Hverahlíð en þær tegundir séu ekki á valista. Talið sé að áhrif á fugla verði óveruleg.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur einnig fram að ekkert hafi komið fram um að smádýralíf á landi á Hengilssvæðinu sé sérstætt og er því talið að áhrif á smádýralíf verði óveruleg.

Áhrif á jarðmyndanir og landslag. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Hverahlíð sé hluti svæðis sem talið er hafa minnst gildi fyrir útivist og vegna landslags samkvæmt úttekt sem unnin var af Líffræðistofnun. Nýr vegur að borstæði A við Hverahlíð fari yfir hraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Fram kemur að vegurinn muni hafa nokkur áhrif á ásýnd svæðisins, en muni lítið sjást frá núverandi þjóðvegi yfir Helligsheiði. Eins kemur fram að borun og prófun borholanna geti valdið tímabundum sjónrænum áhrifum vegna bormasturs og gufustróka frá blásandi borholum.

Áhrif á Vatnafar. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að búast megi við því að hiti í yfirborðsgrunnvatni hækki eitthvað næst holunni á meðan á blæstri stendur þar sem frárennsli hverfi í hraunið. Einnig megi búast við að styrkur uppleystra efna aukist. Engu að síður er talið að losun affallsvatns við borun og blástursprófanir muni hafa óveruleg áhrif á grunnvatn við Hverahlíð. Magnið sé lítið og útbreiðslan verði takmörkuð.

Áhrif á loftgæði og hljóðvist. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að losun jarðhitalofttegunda aukist tímabundið í nágrenni borholu en ekki sé talið að þessi losun hafi nein afgerandi varanleg áhrif á nánasta umhverfi. Reiknað sé með að helstu gastegundirnar í gufunni séu þær sömu og í hverum og gufuaugum á svæðinu. Búast megi við því að brennisteinslykt aukist tímabundið í næsta nágrenni við blásandi borholur.

Fram kemur einnig að búast megi við að hljóðstig hækki næst borsvæði vegna hávaða frá borun og prófun rannsóknaholu, en fari þó sjaldnast yfir 90 dB(A) og takmarkist við borsvæðið sjálft. Framkvæmdasvæðið sé nálægt vinsælu útivistarsvæði og geti hávaði frá tímabundnum blæstri hugsanlega valdið útivistarfólki ónæði.

Áhrif á samfélag og menningarminjar. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að talið sé að framkvæmdirnar hafi óveruleg áhrif á samfélag. Ferðamenn sem stundi útivist á svæðinu verði varir við aukna umferð vegna framkvæmdarinnar. Gert sé ráð fyrir að sett verði upp upplýsingaskilti á rannsóknaborsvæðinu eins og gert hefur verið á virkjunarsvæði Hellisheiðarvirkjunar. Fram kemur einnig að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa áhrif á þekktar menningarminjar í nágrenninu sem tengjast allar samgöngum fyrr á tímum.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé skilgreint sem opið óbyggt svæði í Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 og þurfi því að breyta aðalskipulagi.

Orkuveita Reykjavíkur telur að fyrir liggi öll gögn um áhrif rannsóknaborana við Hverahlíð og framkvæmdin muni hafa óveruleg umhverfisáhrif.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, iðnaðarráðuneyti og Orkustofnun telja að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni ekki að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Ferðamálastofa og Umhverfisstofnun telja að rannsóknaboranir sem hluti virkjanaframkvæmda við Hverahlíð kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á verndarsvæði. Umhverfisstofnun telur í umsögn sinni að fyrirhugaðar framkvæmdir muni rýra gildi jarðmyndana sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um Náttúruvernd og eins sé við Hverahlíð hverasvæði sem fellur undir sömu grein laganna.

Í svari Orkuveitunnar kemur fram að vegurinn að holu HE-21 og borstæði A sé staðsett á 10.000 ára gömlu hrauni sem hulið sé jarðvegi og því séu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á jarðmyndunina sem slíka ekki bein. Framkvæmdin muni ekki raska hverasvæðinu. Sveitarfélagið Ölfus geri ekki athugasemd við framkvæmdina, þó að útivistar- og göngusvæði milli Suðurlandsvegar, Þrengslavegar og Hjallatorfu sé skilgreint sem hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar í Aðalskipulagi Ölfuss. Samráð hafi verið haft við sveitarfélagið og Umhverfisstofnun um staðsetningu vegar að HE-21. Sá vegur og styrking gamla vegarins hefur breytt aðgengi að svæðinu við Hverahlíð.

Áhrif á gróður. Í umsögn Umhverfisstofnunar er vakin athygli á að fyrirhugaðar rannsóknaboranir geti haft áhrif á gróður á mun stærra svæði en því sem verði fyrir beinum áhrifum vegna veglagningar og gerð borstæða. Miðað við áhrif af fyrri rannsóknaborholum á gróður á Hellisheiði geti útstreymi heits vatns grunnt undir yfirborði og útfellingar úr gufu haft mikil áhrif á gróður, einkum mosa og fléttur, í nágrenni við borstæðið. Við mat á hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðra rannsóknarborhola á gróður sé því ekki nægjanlegt að miða eingöngu við

rask vegna framkvæmda heldur þurfi einnig að taka tillit til áhrifa frá borholum í blæstri.

Í svörum Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að framkvæmdin muni fyrst og fremst hafa áhrif á gróður þar sem rask verður af völdum framkvæmda og á svæðum sem fara undir veg og borstæði. Fram kemur að jarðhitavökvi frá blásandi borholu geti haft áhrif á gróður í næsta nágrenni við borteiga ef hann berist yfir gróið land. Á vegum Orkuveitunnar hafi áhrif borana og prófana á gróður í nágrenni borstæða verið skoðuð á vinnslusvæðunum á Nesjavöllum og Hellisheiði. Gróðuráhrif vegna blásturs séu í flestum tilfellum lítil og aðallega sjáanleg á mosa- og fléttugróðri við afl- og vatnsmiklar holur. Áhrif af blæstri hafi orðið minni við holur á Hellisheiði þar sem nýr búnaður á hljóðdeyfa, þ.e. dropasía hefur minnkað vatnsaustur úr afl- og vatnsmiklum holum og þar með áhrif á nálægan gróður. Fram kemur einnig að eftir þá reynslu sem komin sé af áhrifum borana og prófana vinnsluhola á Hellisheiði hafa verið boraðar svelgholur við sömu borteiga og hefur það dregið úr þessum áhrifum. Þetta sé gert til þess að jarðhitavökvi frá hljóðdeyfum berist ekki yfir gróið land og að affallsvatn hverfi undir yfirborð og spilli síður gróðri eða leiði til vatnsrofs.

Áhrif á landslag. Umhverfisstofnun vekur athygli á í umsögn sinni að þrátt fyrir að landslag á suðurhluta Hengilssvæðisins teljist fábreytt hvað varðar landslag í samanburði við aðra hluta svæðisins og fái lægri einkunn fyrir landslagsfegurð sé svæðið töluvert nýtt til útivistar á veturna. Þá hafi Hengilssvæðið í heild sinni mikið gildi vegna landslags eins og fram hafi komið í skoðanakönnun meðal staðkunnugs útivistarfólks, en niðurstaðan þar hafi verið sú að að í heild megi álykta að Hengilssvæðið sé eitt verðmætasta útivistarsvæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Í umsögn sinni telur Umhverfisstofnun því að við mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á landslag verði að líta til þess að nú þegar sé búið að taka hluta Hengilssvæðisins undir virkjunarsvæði og að áform séu uppi um stækkun þess, en það auki enn á gildi annarra hluta þess.

Í svörum Orkuveitu Reykjavíkur er vísað í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu rannsóknaborana á Hengilssvæði og Hellisheiði frá 5. janúar 2005 og að þar komi fram að verndargildi landslags á Hengilssvæðinu sé m.a. undirstrikað með því að hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá vegna stórbrotins landslags og fjölbreyttrar jarðfræði. Einnig komi þar fram að fyrirhugað athafnasvæði rannsóknarborunar við Hverahlíð sé ekki á náttúruminjaskrá. Jafnframt komi fram að lagning vegar og gerð borstæðis muni hafa neikvæð áhrif á ósnortið hraunasvæði, en Skipulagsstofnun telji að draga megi úr neikvæðum áhrifum framkvæmdanna með því að vanda vel til vals á vegstæði og staðsetningu borstæðis og einskorða allt rask við þau svæði. Í ákvörðuninni bendi Skipulagsstofnun á að við Hverahlíð séu fyrirhugaðar framkvæmdir einnig á eða nærri mannvirkjabelti, þar sem borsvæðið er í um eins kílómetra fjarlægð frá þjóðveginum yfir Hellisheiði og enn nær gamla veginum yfir Hellisheiði. Orkuveitan telur að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á landslag.

Áhrif á hljóðvist. Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða sé ekki sérstakt viðmiðunargildi fyrir hávaða á útivistarsvæðum utan þéttbýlis en viðmiðunargildið fyrir útivistarsvæði í þéttbýli er 50 dB(A). Umhverfisstofnun hafi miðað við að almennt eigi að tryggja að hljóðstig á útivistarsvæðum fari ekki yfir 50 dB(A) en ljóst sé að hávaði frá borholunum verði töluvert yfir þeim mörkun. Umhverfisstofnun telur líkur á að hávaði frá borholum í blæstri muni valda þeim sem njóta vilji útivistar á svæðinu ónæði. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að upplýsa gesti svæðisins um framkvæmdirnar og vara við áhrifum þeirra.

Í svörum Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að gert sé ráð fyrir að upplýsingaskilti verði á rannsóknaborsvæðinu eins og verið hefur á rannsóknaborsvæðum á Hengilssvæðinu og virkjunarsvæði Hellisheiðarvirkjunar.

Sjónræn áhrif. Í umsögn sinn vekur Umhverfisstofnun athygli á að með borun fleiri rannsóknaborhola við Hverahlíð verði komið mannvirkjabelti beggja vegna við Suðurlandsveg. Þar af leiðandi muni upplifun þeirra sem um svæðið fara breytast töluvert, þrátt fyrir að nú þegar sé búið að breyta ásýnd svæðisins með borun einnar rannsóknaborholu og vegagerð því samhliða. Sjónræn áhrif verði enn meiri komi til virkjunar við Hverahlíð, sem miklar líkur séu á. Umhverfisstofnun telur því að sjónræn áhrif rannsóknaborhola við Hverahlíð verði töluvert en að við mat á sjónrænum áhrifum verði að taka mið af sammögnunaráhrifum með þeim framkvæmdum sem þegar hafa verið leyfðar og af þeim framkvæmdum sem þar verða komi til virkjunar á svæðinu. Sé tekið tillit til slíkra sammögnunaráhrifa telur Umhverfisstofnun að sjónræn áhrif geti orðið umtalsverð.

Í svörum Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að Orkuveitan geti ekki fallist á að á rannsóknastigi þurfi að gera grein fyrir hugsanlegum umhverfisáhrifum tengingar virkjunar við Hverahlíð við Hellisheiðarvirkjun og sammögnunaráhrifum. Ef Orkuveitan taki ákvörðun um nýja virkjun við Hverahlíð mun fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar eins og lög geri ráð fyrir. Orkuveitan telur að framkvæmdin muni hafa lítil sjónræn áhrif.

Staðsetning borplana og slóða. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að fram komi að við staðsetningu borplana við Hverahlíð hafi einkum verið haft samráð við Íslenskar orkurannsóknir og að staðsetning borhola verði ákveðin með tilliti til niðurstaðna jarðfræðilegra rannsókna á svæðinu. Ekki kemur fram að samráð verði haft við aðra aðila um staðsetningu borplana og slóða, né að önnur en framkvæmdaleg sjónarmið muni ráða staðarvali. Núverandi tækni leyfi þó sveigjanleika í staðsetningu borplana, sbr. t.d. stækkun Hellisheiðarvirkjunar þar sem fyrirhugað er að nýta jarðhita í Innstadal en bora bæði beinar og stefnuboraðar vinnsluholur á Skarðsmýrarfjalli. Umhverfisstofnun bendir einnig á að staðsetning borplana sé að vissu leyti stefnumarkandi fyrir frekari framkvæmdir á því svæði sem hér um ræðir, þar sem hægt sé að nýta borplön áfram til frekari borana verði niðurstöður borana jákvæðar. Slíkt hefði þó í för með sér stækkun borplana sem kalli á enn meira rask þar sem borstæði er valinn staður nú. Nú þegar liggja fyrir ákveðnar vísbendingar um að ráðist verði í virkjanaframkvæmdir við Hverahlíð en fram hafi komið á fundi Umhverfisstofnunar með framkvæmdaraðila þann 8. mars. sl. að rannsóknarholan sem boruð var við Hverahlíð sé ein heitasta holan á Hellisheiði og því talið mjög líklegt að farið verði í jarðhitanytingu á svæðinu.

Í svari Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að staðsetning borsvæða miðist fyrst og fremst við að afla megi nauðsynlegra upplýsinga um jarðhitasvæðið. Það sé haft að leiðarljósi að umhverfisáhrif rannsóknaborana verði sem minnst. Þess vegna sé borholum valinn staður sem næst fyrirliggjandi vegum og sem fjærst viðkvæmum svæðum í umhverfislegu tilliti. Þannig ráði staðsetningu ýmis önnur sjónarmið en framkvæmdaleg. Ekki sé talið að nægar upplýsingar fáiast um svæðið með því að stefnubora frá borplani HE-21. Endanleg útfærsla framkvæmdarinnar verður ákveðin í samráði við Umhverfisstofnun og Sveitarfélagið Ölfus.

Rannsóknarholur/vinnsluholur. Umhverfisstofnun bendir á að í tilkynningarskýrslu komi eftirfarandi fram: „Rannsóknarholurnar eru allar boraðar þannig að þær muni nýtast sem

vinnsluholur ef það hentar fyrir virkjun.” (bls. 2). Ljóst sé að sú mannvirkjagerð sem ráðist verði í í tengslum við fyrirhugaðar rannsóknir séu hluti varanlegra mannvirkja við Hverahlíð og því telji Umhverfisstofnun að við staðarval eigi að taka mið af þeirri jarðhitanýtingu sem fyrirhuguð er.

Í svari Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að allar rannsóknaholur Orkuveitunnar á Hengilssvæðinu á síðustu árum hafa verið boraðar sem vinnsluholur. Sú aðferð hafi gefið góða raun og séu upplýsingar sem fáiast við blástursprófanir á holum mjög mikilvægar. Þó að holurnar verði ekki allar nýttar sem vinnsluholur fáiast með þessu miklar upplýsingar um jarðhitasvæðið sem geri kleift að taka skynsamlegar ákvarðanir um framhaldið. Holurnar geti orðið hluti varanlegra mannvirkja ef tekin verði ákvörðun um nýtingu svæðisins.

Sammögnunaráhrif. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að nú þegar hafi verið boruð ein rannsóknarhola við Hverahlíð og miðað við niðurstöður rannsókna séu taldar miklar líkur á að vænlegt sé að ráðast í jarðhitanýtingu þar. Í tilkynningu framkvæmdaraðila komi fram að ef rannsóknaboranir við Hverahlíð leiða í ljós að um vænlegt vinnslusvæði sé að ræða sé mögulegt að nýta svæðið með því að reisa þar jarðgufuvirkjun og tengja borholurnar við hana. Umhverfisstofnun telur að meta verði sammögnunaráhrif fyrirhugaðra rannsóknaborana og þeirra framkvæmda sem þegar hafa verið leyfðar ásamt áhrifum framkvæmda sem líkur eru á að ráðist verði í ef niðurstöður frekari borana verði jákvæðar. Að mati Umhverfisstofnunar geti sammögnunaráhrif slíkra framkvæmda við Hverahlíð orðið umtalsverð.

Í umsögn Ferðamálastofnu kemur fram að í greinargerð framkvæmdaraðila sé talað um að fyrirhuguð framkvæmd sé lítil að umfangi og liður í að rannsaka nánar svæði sem þegar hefur verið gefið leyfi til að bora á. Einnig komi fram að miðað við fyrri rannsóknir sé svæðið við Hverahlíð talið koma til greina sem framtíðarvinnslusvæði. Þar af leiðandi sé líklegt að ofangreind framkvæmd leiði af sér framkvæmdir sem eru það umfangsmiklar að þær væru háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að vegna lítils umfangs framkvæmdarinnar og að hún sé að nokkru leyti tímabundin, þá sé talið að hún hafi lítil sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum. Fram kemur að mikilvægt sé að kanna eðli jarðhitakerfis Hengilsins með rannsóknaborunum á nýjum svæðum, til að fá sem fyrst úr því skorið hvort nýta megi önnur svæði en virkjunarsvæðin á Hellisheiði og á Nesjavöllum til orkuvinnslu. Svæðið er innan þess hluta háhitasvæðisins í Henglinum, þar sem Orkuveitan hefur rannsóknarleyfi með fyrirheit um forgang um jarðhitanýtingu. Staðsetning borsvæða miði fyrst og fremst að því að afla nauðsynlegra upplýsinga um jarðhitasvæðið. Það sé haft að leiðarljósi að umhverfisáhrif rannsóknaborana verði sem minnst. Þess vegna sé borholum valinn staður sem næst fyrirliggjandi vegum og sem fjærst viðkvæmum svæðum í umhverfislegu tilliti. Fram kemur að lögin um mat á umhverfisáhrifum geri greinarmun á borun rannsóknaholu á háhitasvæðum, sem er tilkynningarskyld framkvæmd og jarðgufuvirkjun, sem er matsskyld framkvæmd ef uppsett afl er yfir ákveðnu marki. Tilgangurinn með tilkynningu um rannsóknaboranir sé ekki sá að fá úr því skorið hvort virkjun jarðhita sé matsskyld. Megintilgangur rannsóknaborana sé að afla upplýsinga um jarðhitasvæðin til að gera megi skynsamlegar áætlanir um nýtingu vænlegra vinnslusvæða með tilliti til orku og umhverfis. Bent er á sjónarmið sem hafa þurfi í huga, en það sé að mikilvægt getur verið að taka frá svæði til orkuvinnslu áður en tekin er ákvörðun um aðra landnýtingu á Hengilssvæðinu. Fyrirhugaðar framkvæmdir við rannsóknaboranir á Ölkelduhálssvæði og framtíðaráform Orkuveitunnar um nýtingu svæðisins hafa verið kynnt Sveitarfélaginu Ölfusi. Óskað hafi verið eftir að hafinn verði

undirbúningur skipulagsmeðferðar vegna hugsanlegrar jarðhitavinnslu. Fram kemur að Orkuveitan geti ekki fallist á að á rannsóknastigi þurfi að gera grein fyrir hugsanlegum umhverfisáhrifum tengingar virkjunar á Ölkelduhálsi við Nesjavalla- eða Hellsheiðarvirkjun og sammögnunaráhrifum. Ef Orkuveitan taki ákvörðun um nýja virkjun á Hengilssvæðinu muni fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar eins og lög geri ráð fyrir.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða borun tveggja rannsóknarhola á tveimur 4000 m² borstæðum við Hverahlíð og lagningu um 800 m vegslóða að annarri holunni. Framkvæmdirnar eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 ci í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Fyrir liggur að fyrirhugaðar rannsóknaboranir eru liður í undirbúningi nýtingar jarðhita og leit að framtíðarvinnslusvæðum. Jafnframt hefur Orkuveitan gert grein fyrir að reynist mögulegt að nýta svæðið verði reist þar jarðgufuvirkjun og verði borholurnar tengdar við hana en miðstöð reksturs virkjunar við Hverahlíð yrði í Hellsheiðarvirkjun.

Umhverfisstofnun hefur bent á að fyrirhugaður vegur að borstæði A og gerð borstæða muni raska nútímahrauni sem er jarðmyndun sem fellur undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og eins sé þarna hverasvæði sem sem falli undir sömu grein fyrrgreindra laga. Í umsögn Umhverfisstofnunar er einnig vakin athygli á að þrátt fyrir að landslag á suðurhluta Hengilssvæðisins teljist fábreytt í samanburði við aðra hluta svæðisins og fái lægri einkunn fyrir landslagsfegurð, er svæðið töluvert nýtt til útivistar á veturna. Eins hafi Hengilssvæðið í heild sinni mikið gildi vegna landslags. Umhverfisstofnun telur því að við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á landslag verði að líta til þess að nú þegar er búið að taka hluta Hengilssvæðisins undir virkjunarsvæði og að áform eru uppi um stækkun þess, en það eykur á gildi annarra hluta þess.

Að mati Skipulagsstofnunar er ljóst að veglagning og borstæði við Hverahlíð munu hafa neikvæð áhrif á ósnortið hraun. Draga megi úr neikvæðum áhrifum með því að vanda vel til vals á vegstæði og staðsetningu borstæða og einskorða allt rask við þau svæði. Hugsanlegt er að áhrif gufu frá blásandi holu og affallsvatns nái til svæðis í nánd við náttúrulega jarðhitavirkni á yfirborði án þess að líkur virðist á skerðingu eða breytingu þess svæðis af völdum framkvæmdanna. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í nálægð við núverandi mannvirkjabelti Hellsheiðarvirkjunar og nálægt gamla þjóðveginum og núverandi þjóðvegi yfir Hellsheiði, í útjaðri Hengilssvæðisins.

Umhverfisstofnun hefur bent á að framkvæmdasvæði rannsóknaborana við Hverahlíð sé frekar einsleitt og þar fundust ekki sjaldgæfar jarðhitaplöntur eða mosar, en svæðið er engu að síður vel gróið. Umhverfisstofnun bendir einnig á að jarðhitavökvi frá blásandi borholu geti haft áhrif á gróður í næsta nágrenni borstæða, einkum mosa og fléttur.

Skipulagsstofnun telur að áhrif beinnar skerðingar á gróður vegna fyrirhugaðra framkvæmda verði ekki veruleg. Stofnunin telur þó að dreifing jarðhitavökva geti haft nokkur áhrif á gróður í nágrenni borhola en samkvæmt reynslu framkvæmdaraðila dragi dropasía á hljóðdeyfi úr þeim áhrifum.

Skipulagsstofnun telur að samkvæmt framlögðum gögnum megi gera ráð fyrir að sterkar líkur séu á að Orkuveita Reykjavíkur sjái fram á að virkja jarðhita við Hverahlíð. Framkvæmdaraðili hefur ekki staðsett nánar mögulegt virkjanasvæði við Hverahlíð, þrátt fyrir vitneskju frá núverandi borholu, en kýs þess í stað að bora fleiri rannsóknarholur. Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 er fyrirhugað framkvæmdasvæði við Hverahlíð skilgreint sem opið óbyggt svæði til almennrar útiveru og er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð þar. Framkvæmdasvæðið við Hverahlíð er á fjarsvæði vatnsverndar og nýtur einnig hverfisverndar skv. aðalskipulagi, vegna náttúruverndar. Þannig liggur fyrir að ekki hefur af hálfu skipulagsyfirvalda í Sveitarfélaginu Ölfusi verið gert ráð fyrir orkunýtingu við Hverahlíð. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að ákvarðanir um hugsanlega orkuvinnslu utan skilgreindra orkuvinnslusvæða á Hengilssvæðinu, séu teknar með heildstæða stefnu um framtíðarnýtingu svæðisins í huga. Við útgáfu framkvæmdaleyfis og eftirlit með því þarf að tryggja að önnur framkvæmdatilhögun og vöktun sé í samræmi við það sem lýst hefur verið í málsgögnum vegna ákvörðunar um matsskyldu. Framkvæmdirnar kalla á breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2024. Í því ferli væri æskilegt að framkvæmdaraðili legði fram gögn um fyrirhugað framtíðarorkuvinnslusvæði og líklega mannvirkjagerð við Hverahlíð en ekki aðeins upplýsingar um þær rannsóknarborholur sem eru hér til umfjöllunar. Framkvæmdirnar eru einnig háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins skv. skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfi heilbrigðisnefndar Suðurlands og falla einnig undir ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Orkuveitunnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna og í ljósi þess sem að framan segir er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun tveggja rannsóknarhola við Hverahlíð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 18. maí 2006.

Þóroddur Fr. Þóroddsson

Rúnar Dýrmundur Bjarnason

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Ölfus, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðisnefnd Suðurlands, iðnaðarráðuneyti, Orkustofnun og Umhverfisstofnun.

